# Alþýðusamband Íslands, grein eða fyrirlestur

Bjarni Benediktsson – Alþýðusamband Íslands, grein eða fyrirlestur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um nokkurt skeið – og ekki hvað síst fyrir síðasta þing Alþýðusambands Íslands og á því þingi – hefir verið um það rætt meðal alþýðuflokksmanna innan alþýðusambandsins, að æskilegt væri til þess að breyta skipulagi Alþýðusambandsins á þá leið, sem nú er í Svíþjóð og Noregi, þannig

1. <u>að</u> Alþýðuflokkurinn yrði byggður upp af alþýðuflokksfélögum og þeim verkalýðsfélögum, sem það vildu vera – þó með því móti, að þeir menn innan verklýðsfélaganna, sem væru í Alþýðuflokknum ættu þess kost að gefa yfirlýsingu um það, að þeir vildu ekki vera í Alþýðuflokknum, og yrðu þeir þá ekki taldir Alþýðuflokksmenn og greiddu þá ekkert gjald til Alþýðu<u>flokksins</u> enda hefðu þeir þá ekki heldur rétt til þess að kjósa fulltrúa á þing Alþýðu<u>flokksins</u> fyrir verklýðsfélag sitt. Meðlimir þeirra verklýðsfélaga, sem væru í Alþýðu<u>flokknum</u>, væru þannig ýmist í flokknum eða utan hans, eftir sjálfs vali, þó félagið ~~sem heild~~ sjálft væri í flokknum,

2. <u>að</u> Alþýðusamband Íslands verði samtökin ~~[illegible]~~ að <u>verklýðssambandi</u>, og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fara þá samtímis úr Alþýðusamband-
inu öll Alþýðuflokks- eða jafnaðar-
mannafélög, en innan sambandsins
verða þá eingöngu verklýðsfélög. Þetta
breytta Alþýðusamband gefi þá öllum
verklýðsfélögum, eða verklýðsfélaga-
samböndum rétt til þess að vera
innan sinna vébanda, ef þau
uppfylla skilyrði þau, er lög sam-
bandsins setja um inngöngu,
skyldur og réttindi. Alþýðusam-
bandið heldur síðan þing sín
á þeim tíma, er lög þess ákveða,
og eiga þá öll verklýðsfélögin
innan sambandsins rétt til þess
að velja þangað fulltrúa alveg
án tillits til stjórnmálaskoðana,
ef þau hafa uppfyllt skyldur
sínar við Alþýðusambandið
með greiðslu gjalda og annað það,
er sambandslögin ákveða. Gera
mætti ráð að mörg félögin, sem
væru í Alþýðusambandinu,
væru einnig í Alþýðuflokknum,
með þeim skilyrðum og eftir
þeim reglum, sem greinir undir
1. lið að ofan.

Með þessari ráðagerð væri fylgt í höfuð-
atriðum skipulagsháttum alþýðuhreyf-
inganna í Svíþjóð og Noregi, og það
er eftirtektarvert að í tæp 10 ár af fyrstu tilveru
sinni, fylgdi Alþýðuflokkurinn í Svíþjóð
nákvæmlega sömu skipulagsháttunum
eins og þeim, er nú gilda um Alþýðu-
sambandið og Alþýðuflokkinn, en 40 síð-
ustu árin hefir skipulagið verið það

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem gert er ráð fyrir undir 1–2 lið
að framan, og má um leið geta
þess að mikill meiri hluti af
sænska Alþýðuflokknum er
flokksbundinn sem félagar í verk-
lýðsfélögum, sem eru í flokknum.

Alþýðuflokksmenn eru yfirleitt
þeirrar skoðunar, að ekki komi til
nokkurra mála að breyta núverandi
skipulagi Alþýðusambandsins með
lögum á Alþingi. Það væri algert
einsdæmi í heiminum, meðal lýð-
ræðisríkja, og bryti algerlega í bága
við félagsfrelsi það sem lögvarið
er með stjórnarskránni. Alþýðusam-
bandið er frjáls samtök íslenskrar
alþýðu, ákveðið af löglegum
meirihluta samþykktum á þingum
þess. Ekkert félag er skyldugt
eða knúið til þess að vera í Alþýðu-
sambandinu. Það ræður sjálft val-
inu. Hinsvegar er þeim Alþýðuflokks-
mönnum, er mest hugsa um
skipulag alþýðusamtakanna
og standa þar nú í fararbroddi,
mæta ljóst, að núverandi skipu-
lag Alþýðusambandsins er ekki
sígilt. Viðburðir síðustu tíma og
horfurnar framundan eru þannig,
að alþýðuflokksmönnum er það
vel ljóst, að eðlilegast muni og
hyggilegast, að breyta skipulagi
Alþýðusambandsins á þá lund,
er um getur í 1. og 2. lið að framan
og mun það verða undirbúið og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagt fyrir næsta Alþingis[illegible]-
þing til samþykktar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur